

## AUGLÝSING

um ákvörðun skattumdæma vegna sameininga sveitarfélaga,  
sbr. 84. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Með auglýsingu þessari er kveðið á um mörk skattumdæma vegna sameininga sveitarfélaga á árinu 2006 í þeim tilvikum þegar sameining hefur verið þvert á skattumdæmi.

2. gr.

Á árinu 2006 sameinuðust Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarkaupstaður í nýtt sveitarfélag, Fjallabyggð.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að sveitarfélagið Fjallabyggð skuli falla undir Norðurlandsumdæmi vestra, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

3. gr.

Á árinu 2006 sameinuðust Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur í nýtt sveitarfélag, Langanesbyggð.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að sveitarfélagið Langanesbyggð skuli falla undir Norðurlandsumdæmi eystra, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 2. másl. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, kemur til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2007 vegna tekna ársins 2006 og ákvörðun staðgreiðslu og virðisaukaskatts vegna launa og veltu frá og með 1. janúar 2007.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. nóvember 2006.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingví Már Pálsson.*